

Hvað gerist 1. apríl 2020?

Inngangur

Miklar breytingar eiga sér stað 1. apríl 2020 á launakerfi og vinnutíma iðnaðarmanna. Reynt verður hér að útskýra styttingu vinnuviku, yfirvinnuálög, launahækkningar og virkan vinnutíma á eins einfaldan hátt og hægt er.

- Virkur vinnutími?
- Hvað þýðir að tekinn verður upp virkur vinnutími?

Svar: Ekki verður greitt fyrir tímann á meðan kaffitímar eru teknir. Í kjarasamningum iðnaðarmannafélaganna hingað til hefur verið greitt fyrir tvö kaffihlé yfir daginn samtals 35 mín.

Þessi breyting hefur engin áhrif á skipulag kaffitíma, þeir eru áfram á sínum tíma í dagsskipulaginu.

- Lækkar þá kaupið mitt sem því nemur?

Svar: Nei. Tímakaup hækkar á móti. Hingað til hefur tímakaup verið fundið þannig að mánaðarlaunum er deilt í 173,33 klst yfir launatímabil. 1. apríl 2020 breytist sú tala í 160 klst á mánuði sem jafngildir 37 klst í dagvinnu á viku.

Dæmi	Laun 500.000	Tímakaup	Samtals laun
Til 31.03.2020	500.000/173,33	2.885.	500.000
01.04.2020	500.000/160	3.125 kr.	500.000

- Hvað með matar- og kaffitíma í yfirvinnu og um helgar?

Svar: Engar breytingar þar. Ennþá verður greitt fyrir matar- og kaffitíma í yfirvinnu og um helgar. Sé unnið í kaffi- eða matartímum í yfirvinnu þá greiðist sá tími jafnframt til viðbótar.

Yfirvinna

Tekið verður upp nýtt kerfi vegna yfirvinnu

1. apríl 2020 tekur nýtt kerfi gildi. Yfirvinna 1 og yfirvinna 2

- Yfirvinna 1?

Svar: Yfirvinna 1 verður greidd fyrir fyrstu 4 klst í yfirvinnu á viku eða 17,33 klst í yfirvinnu á launatímabili.

- Yfirvinnuálag 1?

Svar: Álag í yfirvinnu 1 verður 1,02% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu í stað 1,0385% í dag.

Dæmi $500.000 * 1,02\% = 5.100$ kr.

Frá og með 1. janúar 2021 verður yfirvinna 1: 1% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu (sjá neðar yfirvinnu 2 frá sama tíma)

- Yfirvinna 1. Útfærslur

Svar: Hægt er að halda utan um yfirvinnu 1 á tvo vegu.

Dæmi 1: að ávallt skulu fyrstu 17,33 klst á yfirvinnu innan launatímabils vera greitt sem yfirvinna 1.

Dæmi 2: Ef unnin er yfirvinna daglega í fyrirtækinu þá er fyrsti tími dagsins mánudaga til fimmtudaga greiddir sem yfirvinna 1. Allir aðrir yfirvinnutímar eru þá greiddir sem yfirvinna 2.

- Yfirvinna 2

Greitt fyrir alla vinnu umfram dagvinnu (160 klst) + yfirvinnu 1 (17,33 klst) á hverju launatímabili.

Öll vinna sem unnin er frá kl. 00:00 til 06:00 greiðist ætíð sem yfirvinna 2.

- Yfirvinnuálag 2

Svar: Álag í yfirvinnu 2 verður 1,10% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu í stað 1,0385% í dag.

Dæmi $500.000 * 1,1\% = 5.500$ kr.

Frá og með 1. janúar 2021 verður álag í yfirvinnu 2: 1,15% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.


Stytting vinnuvikunnar

Hægt er að stytta vinnuvikuna 1. apríl 2020 með samkomulagi starfsmanna og fyrirtækis. Verður þá virkur vinnutími 36 klst á viku eða 156 klst á mánuði.

- Hvað þarf að gera til þess að stytting vinnuvikunnar taki gildi 1. apríl 2020?
Svar: Gott er að fara þessa röð.
 - Starfsmenn ræða saman um hvernig þeir sjá styttingu vinnuvikunnar fyrir sér.
 - Haldin er atkvæðagreiðsla á meðal starfsmanna hvort það eigi að fara fram á það við fyrirtækið að stytta vinnuvikuna.
 - Fyrirtæki og starfsmenn verða að koma að samningaborðinu til þess að semja um styttri vinnuviku.
 - Ef samkomulag næst á að gera skriflegan samning sem starfsmenn kjósa um. Meirihlutavilji starfsmanna ræður.
 - Stéttarfélagin fara yfir samkomulagið til að tryggja að það fari ekki undir lágmarkskjör kjarasamninga.
 - Ef samkomulagið er samþykkt þá styttist vinnuvikan.
- Hver á að leiða samningaviðræður við fyrirtækið?
Svar: Trúnaðarmenn starfsmanna. Þeir mega svo velja 2-4 með sér í samninganefnd.
- Hvað ef það er ekki trúnaðarmaður í fyrirtækinu?
Stéttarfélagin geta beitt sér fyrir því að trúnaðarmaður sé kosinn eða komið á samninganefnd í fyrirtækinu. Hafðu samband við félagið, til þess erum við.
- Má stéttarfélagið hjálpa til?
Svar: Já til þess erum við! Stéttarfélagin mega alltaf koma að ferlinu. Ef starfsfólk treystir sér ekki að semja um styttingu vinnuvikunnar eða telur sig ekki vita nóg um málið. Hafðu þá samband við stéttarfélagið! Samið var um það í almenna kjarasamningnum að stéttarfélag mega koma í meira mæli að borðinu en áður.
- Má fyrirtækið segja nei við styttingu vinnuvikunnar?
Svar: Já til 1. janúar 2022 en þá geta starfsmenn stytt vinnuvikuna einhliða án þess að semja við fyrirtækið. Fyrirtækið má þó ekki hafna því að setjast við samningaborðið með starfsfólki svo framarlega sem meirihluti starfsmanna er því hlynntur.
- En ef starfsmenn vilja ekki breyta neinu?
Svar: Ekkert mál. Vinnutíminn og kaffitímar verða óbreyttir, 35 mínútur á dag.

- Verður að fella niður báða kaffitímanna?

Svar: Nei, ekki ef aðilar semja um að halda inni öðrum eða báðum kaffitímunum þá er ekkert sem bannar það að stytta samt vinnuvikuna. Ef starfsmenn ætla að gera það einhliða þá þarf að sleppa báðum kaffitímum. Sjá skýringarmynd.



- Við erum fyrir löngu búin að selja annan kaffitímann hvað gerum við þá?

Svar: Ef það er til eitthvað skriflegt um það á milli starfsmanna og fyrirtækis þá er það tekið með í samkomulagið. Ef ekkert skriflegt er til um þá styttingu þá er lítið svo á að semja þurfi um það aftur. Hafi samkomulagið sem í gildi er ekki skilað fullri styttingu þá er rétt að stytta vinnutímum sem því nemur, þannig að virkur vinnutími verði 36 klst á viku. Heimilt er að semja um meiri styttingu!

- Fæ ég aldrei hlé frá vinnu nema í matartímanum?


Jú, aðeins er verið að fella niður fyrirfram ákveðna og skipulagða kaffitíma. Það breytir því ekki að starfsfólk geti tekið óformleg kaffihlé.

- Má taka út alla styttinguna á einum degi? T.d Föstudegi?


Svar: Já. Sjá skýringarmynd.



- Má stytta hvern og einn vinnudag?
Svar já. Sjá skýringarmynd.



- Má taka styttinguna út í heilum frídögum?
Svar: Já sjá skýringarmynd.



Styttir vinnumánuðinn um 2 daga

Með því að vinna áfram óbreyttan vinnudag (8 stundir) er hægt að taka frí annan hvern föstudag. Þó myndast 56 mín. í skuld.

	Mán:	Þrið:	Mið:	Fim:	Fös:
Vika 1	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Vika 2	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	FRÍ
Vika 3	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>
Vika 4	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/>	FRÍ

Unnir dagar Frídagar

Þetta eru aðeins fá dæmi af ótal mörgum sem starfsmenn og vinnuveitendur geta farið með upptöku „virks vinnutíma“

- Má bara stytta vinnuvikuna eins og farið er yfir hér að ofan?
Svar: nei, það má nota ímyndunaraflíð í það eins og margt annað. Aðeins þarf að passa upp á að vinnutími fari ekki yfir 36 klst á viku að meðaltali.
- Má stytta vinnuvikuna meira en niður í 36 klst á viku?
Svar: já, það má.
- Hvernig finn ég út nýtt tímakaup þegar búið er að stytta vinnuvikuna á mínum vinnustað?
Svar: Dæmi 500.000 kr í mánaðarlaun.

Tímabil	Fjöldi klst	Mánaðarlaun	Tímalaun	Heildarlaun
Til 31.03.2020	173,33	500.000	2884 kr.	500.000 kr.
Virkur vinnutími. (01.04.2020)	160	500.000	3125 kr.	500.000 kr.
Stytting vinnuvikunnar.	156	500.000	3205 kr.	500.000 kr.

Launahækkunir 1. apríl 2020

Laun fyrir dagvinnu 1. apríl 2020 hækka um 18.000 kr.

- Hvað hækkar tímakaupið mitt 1. apríl 2020?

Svar: Sjáum dæmi. Miðað er við 500.000 kr.

Laun	Launahækkun	Fjöldi klst	Tímakaup	Heildarlaun
500.000	18.000	173,33	2988 kr.	518.000
500.000	18.000	160	3238 kr.	518.000
500.000	18.000	156	3321 kr.	518.000

- Hvað með þá sem eru á föstum launum (Pakkalaunum)

Svar: Grunnlaun fyrir dagvinnu eiga að hækka um 18.000 kr. Ef t.d starfsmenn eru með 600.000 kr í föst laun á mánuði og inni í því eru 5 yfirvinnutímar þá eiga grunnlaunin að hækka um 18.000 kr og reikna þarf pakkann upp á nýtt.

- Ég er ekki alveg viss hvort staðið hafi verið rétt að launahækkunum í því fyrirtæki sem ég starfa hjá. Hvað á ég að gera?

Svar: Hafðu samband við stéttarfélagið þitt og óskaðu eftir aðstoð við að yfirfara launin! Til þess erum við.

- Ég hef spurningu um þessi mál sem hefur ekki verið svarað hér, hvert sný ég mér?

Svar: Hafðu samband við stéttarfélagið þitt! Til þess erum við.

- Má bara stytta vinnuvikuna eins og farið er yfir hér að ofan?

Svar: nei, það má nota ímyndunaraflið í það eins og margt annað. Aðeins þarf að passa upp á að vinnutími fari ekki yfir 36 klst á viku að meðaltali.

- Má stytta vinnuvikuna meira en niður í 36 klst á viku?

Svar: já, það má.

- Hvernig finn ég út nýtt tímakaup þegar búið er að stytta vinnuvikuna á mínum vinnustað?

Svar: Dæmi 500.000 kr í mánaðarlaun.

Tímabil	Fjöldi klst	Mánaðarlaun	Tímalaun	Heildarlaun
Til 31.03.2020	173,33	500.000	2884 kr.	500.000 kr.
Virkur vinnutími. (01.04.2020)	160	500.000	3125 kr.	500.000 kr.
Stytting vinnuvikunnar.	156	500.000	3205 kr.	500.000 kr.